



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Eftirtaldir hafa hlotið tilnefningu í kjöri íþróttakonu og íþróttakarls Árborgar 2020

Íþróttakona Árborgar 2020

1. Auður Helga Halldórsdóttir

fimleikar

Auður Helga hefur verið lykillmanneskja í sínu liði frá því hún steig fyrst á keppnisgólfið. Hún er högvær, metnaðarfull og samviskusöm. Hún er í úrvalshóp unglunga og stefnir á Evrópumót í hópfimleikum. Auður er mikil fyrirmynd og er meðal bestu kvenna í hópfimleikaheiminum.



2. Barbára Sól Gísladóttir

knattspyrna

Barbára Sól er ein af lykilleikmönnum meistaraflokksliðs kvenna. Þrátt fyrir ungan aldur er hún orðin einn leikreyndasti leikmaður kvennaliðs Selfoss. Barbára hefur verið atkvæðamikil með landsliðum Íslands. Á þessu ári var hún valin í A landsliði Íslands og spilaði með landsliðinu í undankeppnum EM þar sem Ísland tryggði sér þátttöku á lokamóti EM 2022, hún spilaði líka alla leiki með U19 á þessu ári.



3. Eva María Baldursdóttir

frjálssar íþróttir

Eva María er fremsti hástökkvari landsins og er í landsliðshópi FRÍ. Hún er í 8. sæti á heimslistanum í sínum aldursflokkum í hástökki og er að ná lágmarkum á öll helstu stórmótin í unglungaflokkum. Hún er Íslandsmethafi í hástökki í sínum aldursflokkum auk þess að vinna til fjölda verðlauna á árinu í hástökki.



4. Dagný María Pétursdóttir

taekwondo

Dagný María er góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur deildarinnar og er alltaf tilbúin að aðstoða á æfingum og mótum. Það verður gaman að fylgjast með henni í landsliðsverkefnum á næstu árum.



5. Heiðrún Anna Hlynsdóttir **golf**

Heiðrún varð klúbbmeistari golfklúbbs Selfoss þar sem hún sló vallarmet á fyrsta hring mótsins. Hún spilaði á Evrópumótinu í golf.



6. Ragnhildur Haraldsdóttir **hestaíþróttir**

Ragnhildur Haraldsdóttir var valin íþróttaknapi ársins 2020 í desember sl.af valnefnd Landssambands hestamannafélaga. Hún, Úlfur frá Mosfellsbæ og Vákur frá Vatnsenda stóðu sig mjög vel á árinu og voru í úrslitum á flestum af þeim mótum sem þau mættu og stóðu iðulega efst á palli. Ragnhildur stendur efst á stöðulista með Vák í V1 og 6.sæti í T1. Þau urðu í fyrsta sæti í V1 ár Reykjavíkurmeistaramótinu og voru í A-úrslitum í T1. Ragnhildur hlaut einnig reiðmennskuverðlaun FT á því móti. Ragnhildur er vel að útnefningunni komin mætir ávallt vel undirbúin til leiks með bros á vör og sanngjarna reiðmennsku að leiðarljósi.




7. Sara Nugig Ingólfssdóttir **judó**

Sara er dugleg júðókona, hún mætir vel á allar æfingar og mót. Hún var kosin efnilegasta júðókona landsins af stjórn JSÍ. Sara er einnig að aðstoða við æfingar á yngri iðkendum og góð fyrirmynd fyrir yngri júðóstelpur. Ekki voru mörg júðómót á árinu en hún tók fyrsta sæti -57 kg U18 á haustmóti JSÍ.



8. Sigríður Sigurjónsdóttir **kraftlyftingar fatlaðra**

Sigríður er flott íþróttakona sem lætur ekkert stoppa sig. Hún er búin að stunda lyftingar, frjálsar og nú kraftlyftingar af kappi með frábærum árangri. Sigríður lætur ekkert stoppa sig og er flott fyrirmynd innan vallar sem utan.



9. Tinna Sigurrós Traustadóttir **handknattleikur**

Tinna er lykilleikmaður í liði Selfoss sem leikur í Grill 66 deildinni þar sem liðið var hársbreidd frá því að komast upp úr deildinni í vor. Tók hún þátt í öllum landsliðsverkefnum ársins í sínum aldursflokki. Tinna hefur verið að stimpla sig inn sem einn efnilegasti leikmaður landsins.



Íþróttakarlar Árborgar 2020

1. Andri Már Óskarsson

golf

Andri er einn af bestu kylfingum landsins, hann hefur stundað golf frá unga aldri og hefur náð góðum árangri. Hann kemur vel fyrir, er yfirvegaður og kurteis kylfingur hvort heldur sé á golfvöllinum eða í hinu daglega lífi.



2. Arnór Bjarki Eypórssón

körfuknattleikur

Selfoss-Karfa er gríðarlega stolt af Arnóri, sem kemur úr yngriflokkastarfi félagsins, og hefur tekið miklum framförum síðustu tvö árin. Arnór hefur sannarlega unnið fyrir þeim tækifærum sem opnast hafa, með dugnaði og staðfestu við æfingar, auk þess að þjálfa yngstu aldurshópana hjá félaginu. Hann er því ómetanleg fyrirmynd fyrir körfuboltakrakka sem stefna hátt og hafa það beinlínis fyrir augum sér dagsdaglega að leiðin frá Selfossi og út í heim er hvorki ófær né óendanlega löng.



3. Aron Freyr Margeirsson

knattspyrna

Aron Freyr átti frábært ár og var hann valinn besti leikmaður ársins. Árborgar hjartað sló svo sannalega allt sumarið hjá Aron Frey. Hann spila 13 leiki og skoraði í þeim 9 mörk. Við búumst við miklu af Aron Frey á næsta tímabili og búast má við því að hann leiði liðið áfram í báráttunni uppúr 4.deild næsta sumar.



4. Bjarni Friðrik Ófeigsson

íþróttir fatlaðra

Bjarni Friðrik hefur stundað ýmsar íþróttir með góðum árangri og keppt fyrir hönd Suðra. Árið 2020 stundaði hann golfíþróttina af kappi og sigraði Héraðsmótið í golfi fatlaðra. Bjarni Friðrik einstaklega góð fyrirmynd bæði innan vallar sem utan.



5. Bjarni Már Stefánsson

fimleikar

Bjarni Már er einstaklega góður liðsmaður og leggur sig vel fram við að hvetja liðsfélaga sína áfram á æfingum og í keppni. Hann er samviskusamur, duglegur og hvetjandi innan sem utan vallar og góð fyrirmynd fyrir yngri iðkendur deildarinnar.



6. Björn Jóel Björgvinsson

taekwondo


Björn Jóel er okkar val til íþróttamanns Selfoss og Árborgar, hann er mikil fyrirmynd fyrir yngri iðkendum og sýnir miklar framfarir innan sem utan vallar og hlökkum við til að fylgjast með honum í landsliðs verkefnum á komandi árum.



7. Breki Bernhardsson

júdó

Breki hefur verið fastamaður í íslenska júdólandslíðinu í -73 kg flokki undanfarin ár. Breki er búsettur í Reykjavík en er duglegur að koma á æfingar á Selfoss og æfir einnig hjá JR (Júdófélag Reykjavíkur).



8. Dagur Fannar Einarsson

frjálsar íþróttir

Dagur Fannar er Íslandsmeistari í níu greinum í unglingaflokki auk þess sem hann er Íslandsmeistari í 400 m grind í fullorðinsflokki. Hann var með keppnisrétt á NM unglunga í tugbraut en það var fellt niður vegna Covid. Dagur setti m.a. 23 glæsileg HSK met á árinu og sýnir það styrk hans.



9. Hergeir Grímsson

handknattleikur

Hergeir er fyrirliði Selfoss í Olísdeild karla sem verið hefur í toppbaráttu síðastliðið ár. Hergeir hefur sannað sig sem einn besti leikmaður deildarinnar í sinni stöðu á báðum endum vallarins.



10. Skúli Kristjánsson

akstursíþróttir

Torfæruökumaðurinn Skúli Kristjánsson sem ekur Simba er á sínu öðru ári. Hann kom inn með krafti og náði að sigra tvær af fjórum umferðum ásamt að vera alltaf í topp fimm í öllum umferðunum. Skúli endaði í öðru sæti í Íslandsmeistaramótinu í sérútbúnaflöknum.



11. Þorsteinn Aron Antonsson

knattspyrna

Þorsteinn hóf ungur að árum að æfa með Selfoss og hefur undanfarin ár sannað sig sem frábær leikmaður. Er hann nú orðinn einn af efnilegri leikmönnum Íslands. Árið 2020 var frábært fyrir Þorsteinn sem landsliðsmann, var valinn í U16 og líka U17 þar sem hann spilaði fjóra leiki þar sem hann er að spila með eldri strákum.

